

Fundur NOS í Árnessýslu haldinn klukkan 8:00 í Fjölheimum á Selfossi 6. mars

2017 Mætt: María Kristjánsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir, Gunnar Þorgeirsson, Valtýr Valtýsson,

Ingibjörg Harðardóttir, Kristófer Tómasson, Halldóra Hjörleifsdóttir, Jón Valgeirsson, Skáfti

Bjarnason, Gunnsteinn Ómarsson og Eyðis Þ. Indriðadóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Uppgjör Skólabjónustu árið 2016

Lagt fram uppgjör Skólabjónustu Árnesþings fyrir árið 2016 og farið yfir helstu kostnaðarliði.

Laun Skólabjónustunnar og rekstrarkostnaður bifreiðar eru yfir áætlun, farið yfir skýringar á því.

NOS samþykkir uppgjörið og vísar því til kynningar á vorfundi NOS.

2. Uppgjör Velferðarþjónustu 2016

Uppgjör Velferðarþjónustu lagt fram og rætt.

Bent á að heimild vegna nefndarlauna er ekki fullnýtt og skýringar ræddar.

NOS samþykkir uppgjörið og vísar því til kynningar á vorfundi NOS.

3. Ákvörðun um kynningarfund.

Ákveðið að halda fund fyrir sveitarstjórnir klukkan 10:00, þriðjudaginn 25. apríl í Vatnsholti.

4. Kynning á stöðu biðlista vegna sálfræðiþjónustu. Hvað er til ráða.

Í mars 2017 eru 90 mál á biðlista á svæði Skólabjónustu Árnesþings. Rætt um möguleika á því að fá verktaka til þess að vinna í leikskólamálunum. Kostnaður yrði 2 – 2,5 milljónir og allt að 20 mál fengju viðeigandi úrlausn. Rætt um möguleika á að fá ritara til Skólabjónustunnar. Maríu falið að fara betur yfir stöðuna og koma með tillögu fyrir vorfund.

5. Erindi frá skólastjórnendum í Uppsveitum og Flóa vegna staðsetningar á starfstöð náms- og starfsráðgjafa

Óskað er eftir að námsráðgjafinn fái fast aðsetur hjá Skóla- og velferðarþjónustunni.

Rætt um staðsetningu náms- og starfsráðgjafa. Nefndin telur ekki rétt að námsráðgjafinn heyri undir Skóla- og velferðarþjónustuna að svo komnu máli.

Erindinu hafnað og forstöðumanni Skóla- og velferðarþjónustu falið að ræða við námsráðgjafann.

6. Markmið Skólabjónustu sem þarf að endurnýja í haust. Hvaða aðferð?

Forstöðumanni Skóla- og velferðarþjónustu falið að undirbúa endurnýjun markmiða Skólabjónustunnar. Víðtækt samráð verður haft við alla hagaðila.

7. Sameiginleg innflytjendastefna – Hvernig viljum við standa að henni?

Unnið verði að sameiginlegri stefnu allra sveitarfélöganna. Forstöðumanni Skóla- og velferðarþjónustu og sveitarstjóra Hrunamannahrepps falið að vinna málið áfram.

8. Húsnæðisáætlun sveitarfélaga. Sameiginleg eða ekki? Hvernig?

Sveitarfélöginn skoði málið hvort fyrir sig en ákvöðun um sameiginlega áætlun frestað.

9. Húsnæðismál Skóla- og velferðarþjónustu. Staða mála.

Málin rædd og fundi slitið klukkan 9:00.